

Mánudaginn 23. aprílmán.

Nr. 14/1906:

Réttvísinn
 gegn
 Jóhanni Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Árnassýslu uppkveðnum 9. okt. f. á. var hinn ákærði vinnumaður Jóhann Jónsson í Skriðufelli dæmdur samkvæmt 155. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869 og 14. gr. laga nr. 2, 31. jan. 1896, til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir að hafa með rangri yfirlýsingu brotið ákvarðanir þær, er með auglýsingu stjórnarráðsins 4. maí f. á. voru settar til varnar útbreiðslu mislingasýkinnar frá Reykjavík. Svo skyldi og ákærði greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans í héraði, Ólafs prests Magnússonar, 4 kr.

Þessum dómi hefir stjórnarráðið skotið til yfir-dómsins.

Vorið 1905 kom upp mislingasótt í Reykjavík og var bærinn afkviður vegna sýkinnar með augl. stjórnarráðsins 4. maí 1905, þar sem bann var við því lagt, að nokkur maður færi út úr bænum nema hann hefði skriflegt leyfi til þess frá héraðslækni eða aðstoðarmanni hans, en slíkt leyfi áttu ekki aðrir að fá en þeir, er færðu sönnur á eða fullar líkur fyrir, að þeir hefðu haft mislinga. Það er nú með eigin játningu ákærða, sem er fæddur 19. okt. 1884 og eigi hefir sætt ákæru eða refsingu áður fyrir nokkurt lagabrot, og öðrum

skýrslum löglega sannað, að hann kom til Reykjavíkur úr fiskiveri, á leið heim til sín í Árnessýslu að morgni 12. maí og dvaldi í bænum þann dag allan og fram á næsta dag. Frétti ákærði þá, að ný sýking hefði orðið í bænum og að samgöngubannið hefði því verið lengt um 10 daga. Ákærði tók það þá til bragðs, til þess að fá leyfi það er þurfti til að komast úr bænum heim til sín, að hann fór í hús það, þar er burtfararleyfin voru afgreidd, og þó að hann væri að eins rúmlega tvítugur og hefði aldrei haft mislinga, skýrði hann frá því þar, að hann væri 24 ára gamall og ritaði síðan undir yfirlýsingu uppá æru og samvizku um að hann væri 24 ára og hefði haft mislinga. Fekk ákærði svo burtfararleyfi úr bænum og hélt heim til sín. Ákærði kveðst ekki hafa lesið yfirlýsinguna, er hann ritaði síðan undir, en hann vissi hvers efnis hún var, að öðru leyti en því að hún var stíluð upp á æru og samvizku, og þykist hann eigi myndi hafa undirritað hana, ef hann hefði vitað að svo var.

Af atferli ákærða hefir ekki hlotist neitt tjón, en hann hefir með því orðið brotlegur gegn 156. gr. alm. hegningarlaga og 14. gr. laga 31. jan. 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og þykir hegning sú, er hann hefir til unnið með broti sínu, nægilega ákveðin 8 daga einfalt fangelsi, og ber að staðfesta aukaréttardóminn með þessari breytingu á refsingunni, einnig málskosnaðarákvæði hans. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákeðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða sé 8 daga einfalt fangelsi. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfutningsmannanna Guðm. Eggerz og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 42/1905:

Dagbjartur Einarsson
 gegn
 Kristjáni Þorgrímssyni

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu Kristján Þorgrímsson gegn áfrýjanda til greiðslu á 200 kr., er H. P. Duus verzlun í Keflavík taldi til hjá áfrýjanda, en sem nefnd verzlun hefir framselt stefnda Kristjáni Þorgrímssyni. Málið var dæmt í héraði 25. okt. f. á. með þeim úrslitum, að